



Kennsluáætlun

STÆR3dh05 miðönn 2020-2021

Kennarar: Anna Sigríður Brynjarsdóttir og Þórunn Bergþóra Jónsdóttir

Kennslugögn: Kennsluefni sem kennarar MH tóku saman. Heftin eru tvö og hægt er að kaupa þau á skrifstofu FG. Ítar- og upprifjunarefni t.d. á www.khanacademy.org og www.rasmus.is.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- stofnföllum falla og heildareikningi
- helstu reglum um ákveðið og óákveðið heildi
- ýmsum aðferðum til að finna heildi
- línulegum diffurjöfnum af fyrsta stigi

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- finna stofnföll
- heilda með aðferðum eins og innsetningu, hlutheildun og liðun í stofnbrot
- beita reglum um ákveðið heildi til að finna flatarmál og rúmmál
- leysa línulegar fyrsta stigs diffurjöfnur
- gera greinarmun á mismuna- og kvótarunum og röðum

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- heilda með aðferðum eins og innsetningu, hlutheildun og liðun í stofnbrot
- finna flatarmál undir ferli og rúmmál
- gera greinarmun á mismuna- og kvótarunum og röðum



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni
16.-20. nóv.	Fyrri hefti: Upprifjun - diffrun Afleiður vísis- og lografalla (kafli 1.1) Æfing 1.1 og 1.2	Verkefni
02. 23.-27. nóv.	Andhverfur hornafalla (kafli 1.2) Æfing 1.3. Stofnfall og óákveðið heildi (kafli 2) Æfing 2.1	Verkefni Skil á Khan verkefni(5%)
03. 30. nóv.-4. des.	Ákveðin heildi (kafli 3.1) Æfing 3.1 Ákveðið heildi og flatarmál (kafli 3) Æfing 3.2	Verkefni Hlutapróf
04. 7.-11. des.	Seinna hefti: Innsetingaraðferð (kafli 4.1) Æfing 4.1 Hlutheildun(kafli 4.2) Æfing 4.2	Verkefni
05. 14.-18. des.	Hlutheildun(kafli 4.2) Æfing 4.2 Stofnbrotaliðun (kafli 4.3) Æfing 4.3	Verkefni Miðannarmat. Námsmatsdagar 17.-18. des..
06. 4.-8. jan.	Rúmmál snúða (kafli 4.4) Æfing 4.4 Blönduð dæmi bls.70 – 73. Æfing 4.5	Verkefni Skil á Khan verkefni(10%)
07. 11.-15. jan.	Summutáknið og þrepun (kafli 5.1) Æfing 5.1 Runur og raðir (kafli 5.2) Æfing 5.2	Hlutapróf (fyrsti tími vikunnar) Verkefni
08. 18.-22. jan.	Runur og raðir (kafli 5.2) Æfing 5.2 Diffurjöfnur: (kafli 6.1) Æfing 6.1	Verkefni Skil á Khan verkefni(5%) Námsmatsdagur 20.jan.
09. 25.-28. jan.	Diffurjöfnur: (kafli 6.1) Æfing 6.1	Imbra 27.-28.jan. Frí 29.jan.
10. 1.-5. feb.	Diffurjöfnur: (kafli 6.2) Æfing 6.2	Verkefni
11. 8 –11. feb.	1. stigs diffurjöfnur (kafli 6.3) Æfing 6.3	Hlutapróf

Próf eru 12.-15.feb., sjúkrapróf 16.feb.

Birt með fyrirvara um breytingar

Námsmat: Lokaeinkunn samanstendur af þremur þáttum:

- Khan verkefni 20%
- Verkefni 30%
- Hlutapróf 50%

Verkefni: Á önninni verða níu skilaverkefni. Af þeim gilda sjö hæstu til einkunnar.

Khan verkefni: Á önninni verða þrjú verkefni unnin í Khan. Þau gilda öll til einkunnar.

Hlutapróf: Gilda öll til einkunnar.

Til að nemandi standist áfangann þarf meðatal hlutaprófa að vera a.m.k. 4,5 og lokaeinkunn a.m.k 5.



Nauðsynlegt er að vera með góðan vasareikni, símar verða ekki leyfðir sem slíkir. Einnig þurfa nemendur að vera með tölvu eða sambærilegt snjalltæki.

Heimavinna: Það er alfarið á ábyrgð nemenda að fylgja námsáætlun. Ætlast er til að nemendur tileinki sér námsefnið, mæti undirbúnir í kennslustundir og með tilskilin gögn. Þeir sem eru skráðir veikir eða með heimila fjarvist (þ.e. tilkynnt á skrifstofu) á prófdegi geta tekið sjúkrapróf á næsta námsmatsdegi.

Ekki má nota fullkomnari vasareikni en Casio fx-9750.